



Íþróttamiðstöðin í Laugardal - Engjavegi 6 - 104 Reykjavík

ÍSLANDSMEISTARAMÓT Í KUMITE 2001

Sunnudaginn 14. október fór Íslandsmeistaramót í kumite fram í Íþróttahúsinu við Austurberg. Mótið var mjög fjölmennt og hefur þátttakan aukist ár frá ári. Mótið gekk vel fyrir sig og voru margir mjög spennandi bardagar sem áttu sér stað. Meistaramir úr þyngdarflokkum karla frá því í fyrra vorðu allir sína titla, Daníel Axelsson í -65kg, Halldór Svavarsson í -73kg, Jón Ingi Þorvaldsson í -80kg og Ingólfur Snorrason í +80kg. Nýr meistari varð í opnum flokki karla, en Jón Ingi Þorvaldsson vann opna flokkinn eftir mjög spennandi bardaga við sigurvegara tveggja síðustu ára Ingólf Snorrason, Fylki. Edda Blöndal varð svo meistari í opnum flokki kvenna 8 árið í röð. Í ár var í fyrsta skipti keppt í þyngdarflokkum kvenna en undanfarin ár hefur einungis verið keppt í opnum flokki. Sigurvegari í -57kg kvenna varð Ama Steinarsdóttir, en sigurvegari í +57 kg varð Edda Blöndal. Í sveitarkeppni kvenna varði A lið Þórshamars titil sinn frá því í fyrra eftir öruggan sigur á sveit KFR. Mikið gekk á í sveitarkeppni karla sem oftast er hápunktur Íslandsmeistaramóts í kumite. Til úrslita kepptu sömu sveitir og í fyrra Þórshamar og Fylkir, en Þórshamar hefur verið sigurvegarinn síðustu 3 ár. Úrslitin réðust í síðasta bardaga þegar Halldór Svavarsson úr Fylki og Jón Ingi Þorvaldsson úr Þórshamri áttust við. Viðureigninni lauk með sigri Halldórs og varð Fylkir Íslandsmeistari í sveitakeppni karla í fyrsta skipti. Karatefélagið Þórshamar varð svo Íslandsmeistari félaga eftir að stig höfðu verið reiknuð út, hluti 46 stig af 90 mögulegum. Stig eru reiknuð eftir fjölda verðlauna sem félögin fá, 3 stig fyrir 1. sæti, 2 stig fyrir 2. sæti og 1 stig fyrir 3. sæti, síðan vegur sveitakeppni karla þrefalt í hverju sæti og sveitakeppni kvenna tvöfalt.

Úrslit í einstökum flokkum urðu sem hér segir;

Kumite karla -65 kg

1. sæti Daníel P. Axelsson	Þórshamar
2. sæti Bragi Þór Pálsson	Þórshamar
3. sæti Konráð Sigursteinsson	Fylkir
4. sæti Sveinn G. Þórhallsson	Fylkir

Kumite karla -73 kg

1. sæti Halldór Svavarsson	Fylkir
2. sæti Steinn Stefánsson	Þórshamar
3. sæti Jón Viðar Arnþórsson	Þórshamar
4. sæti Guðmundur Jónsson	KFR

Kumite karla -80 kg

1. sæti Jón Ingi Þorvaldsson	Þórshamar
2. sæti Sverrir Sigurðsson	Fylkir
3. sæti Rúnar Ingi Ásgeirsson	KFR
4. sæti Konráð Stefánsson	KFR

Kumite karla +80 kg

1. sæti Ingólfur Snorrason	Fylkir
2. sæti Karl Viggó Vigfússon	Þórshamar
3. sæti Bjarni Kæmested	Þórshamar
4. sæti Benedikt Helgason	Fylkir

Kumite kvenna -57 kg

1. sæti Ama Steinarsdóttir	Þórshamar
2. sæti Snædís Baldursdóttir	Þórshamar
3. sæti Kristín al Lahham	Fylkir
4. sæti Bylgja Guðmundsdóttir	Þórshamar

Kumite kvenna +57 kg

1. sæti Edda L. Blöndal	Þórshamar
2. sæti Sólveig Sigurðardóttir	Þórshamar
3. sæti Heiða B. Ingadóttir	KFR
4. sæti Auður Olga Skúladóttir	Þórshamar

Opinn flokkur karla

1. sæti Jón Ingi Þorvaldsson	Þórshamar
2. sæti Ingólfur Snorrason	Selfoss
3. sæti Karl Viggó Vigfússon	Þórshamar
4. sæti Jón Viðar Arnþórsson	Þórshamar

Opinn flokkur kvenna

1. sæti Edda L. Blöndal	Þórshamar
2. sæti Karen Ósk Sigþórsdóttir	KFR
3. sæti Sólveig Sigurðardóttir	Þórshamar
4. sæti Auður Olga Skúladóttir	Þórshamar

Liðakeppni karla

1. sæti Fylkir - A
2. sæti Þórshamar
3. sæti Fylkir - B
4. sæti KFR

Liðakeppni kvenna

1. sæti Þórshamar - A
2. sæti KFR
3. sæti Fylkir
4. sæti Þórshamar - B

Heildarárangur einstakra félaga;

Félag	Gull	Silfur	Brons	Heildarstig
Þórshamar	7	6	4	46
Fylkir	3	1	4	22
KFR		2	2	8
Selfoss		1		2